



Kviðskilunarleggur

Þrif á húðopi

Þegar kviðskilunarlegg hefur verið komið fyrir þarf að fylgjast vel með og hirða vel um opið þar sem hann liggur inn um húðina. Við ísetningu leggjarins eru varnir líkamans gegn sýklum rofnar og mikilvægt að beita öllum ráðum til að koma í veg fyrir sýkingu.

Ráðlagt er að skipta á umbúðum og nota sýkladrepandi krem daglega. Hægt er að gera það í tengslum við sturtuferðir. Eftir líkamlega áreynslu ætti alltaf að þrifa opið og skipta á umbúðum.

Mælt er með að hafa alltaf umbúðir yfir húðopi.

1 Undirbúningur

Byrja á að hreinsa hendur vel og fylgja leiðbeiningum sem koma fram í fræðsluefninu [Kviðskilun-handhreinsun](#). Forðast þarf að snerta húðop með fingrum.

ÞVO OG
SPRITTA
HENDUR

Hafa við höndina:

- Rennandi vatn
- Grisjur eða hreint þvottastykki
- Hreint handklæði
- Nýjar umbúðir
- Sýkladrepandi krem sem fæst gegn lyfseðli í apóteki

2 Framkvæmd

- Fjarlægja umbúðir og athuga hvort í þeim er vessi eða blóð og henda síðan í almennt rusl.
- Meta hvort einkenni um sýkingu eru til staðar með því að skoða húðopið og athuga hvort roði, bólga eða vessi eru sjáanleg:
 - » Þreifa húðina umhverfis húðopið, finna fyrir kviðskilunarleggnum undir húðinni og athuga hvort húðin er aum viðkomu.
 - » Athuga hvort vessi kemur út um húðopið ef strokið er eftir húðinni í átt að opinu.

- Skoða kviðskilunarlegginn, tengið og slönguna. Það eiga engin óhreinindi, sprungur eða brot að vera á þeim.
- Þvo húðina umhverfis húðopið og kviðskilunarlegginn með blautri grisju eða þvottastykki. Ef þarf má nota milda sápu og skola hana þá vel af.
- Þurrka húð og kviðskilunarlegg vel með hreinu handklæði. Láta lofta um húð í smá stund. Ef hrúður er fast í húðopinu er best að leyfa því að detta af sjálfu sér.
- Setja sýkladrepandi krem í grisju eða eyrnapinna og bera á húðopið.
- Setja nýjar umbúðir yfir húðopið og koma kviðskilunarleggnum þannig fyrir að ekki komi á hann tog.

Þrif á húðopi við sturtuferð

Sé húðop þrifið um leið og farið er í sturtu, er það gert eftir að aðrir líkamshlutar hafa verið þvegnir og skolaðir til að sýklar frá þeim berist ekki í það.

- Fjarlægja umbúðir áður en farið er í sturtuna.
- Þurrka húðina umhverfis húðopið með hreinu handklæði áður en aðrir líkamshlutar eru þurrkaðir.
- Meta húðopið með tilliti til sýkingar eins og lýst er að ofan.
- Setja nýjar umbúðir yfir.

Ef vart verður við roða í húðopi eða auma húð þar sem kviðskilunarleggurinn liggur undir húðinni, þarf að hafa samband við starfsfólk skilunardeildar.

Símanúmer og opnunartími

Skilunardeild Landspítala, opið alla virka daga klukkan 08:00–20:00 og um helgar frá klukkan 08:00–15:00, sími 543 6311, 543 6316.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.